

**AUGLÝSING**  
**um stöðvun strandveiða á svæði D,**  
**frá Sveitarfélaginu Hornafirði til Borgarbyggðar.**

1. gr.

Frá og með 25. maí til og með 31. maí 2016 eru strandveiðar bannaðar á svæði D, Sveitarfélagið Hornafjörður til Borgarbyggðar, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 337/2016, um strandveiðar fiskveiðiárið 2015/2016.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 2. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sbr. a. lið 2. gr. laga nr. 82/2013, um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Fiskistofu, 20. maí 2016.*

**Þorsteinn Hilmarsson,**  
sviðsstjóri þjónustu- og upplýsingasviðs.

---

*Jón Valgeir Guðmundsson.*